

## Ef barn týnist

Skólalóð grunnskólans er ekki girt af og því oft spennandi að lauma sér aðeins lengra en má. Nemendur fá skýrar leiðbeiningar frá kennurum og gæsluaðilum strax frá skólbyrjun hver mörk skólalóðarinnar er.

Barn getur gleymt sér og fer af skólalóð í leik.

Barn getur farið af skólalóð í ójafnvægi vegna árekstra við skólafélaga.

Barn getur valið að fara ekki eftir fyrir mælum kennara/gæsluaðila og farið af skólalóð.

**Barn týnist**

Gæsluaðilar leita á útisvæði og innandyrna.  
Fylgja gátlista þar sem upptalin eru svæði sem gott er að kíkja á.

**Leit að barni**

**Finnst barn á útisvæði skólans**

**Já**

Umsjónarkennari ræðir við barnið um nauðsyn þess að láta fullorðinn vita hvar það ætlar að leika sér. Umsjónarkennari upplýsir foreldra/forsjáraðila um málið í lok dags.

**Nei**

**Stjórnendur hafa samband við foreldra og lögreglu**

Finnst barn ekki eftir ítarlega leit á skólasvæði/starfssvæði, verður að gera foreldrum viðvart, og einnig kanna hvort þeir hafi sótt barnið. Mikilvægt er að sýna fagmennsku og forðast að valda foreldrum hugarangri, benda foreldrum á að starfsmenn muni leita betur að barninu. Lögreglu gert viðvart.

**Var barnið sótt?**

**Já**

Mikilvægt að útskýra fyrir foreldrum/forsjáraðilum nauðsyn þess að tilkynna til ritara ef barn er sótt

**Nei**

**Leit endurtekin & óskað eftir aðstoð frá lögreglu**

Leit endurtekin í samráði við foreldra/forsjáraðila. Foreldrar beðnir að athuga hvort barn hafi skilað sér heim. Stjórnendur veita lögreglu nákvæmar upplýsingar.

## Gátlisti fyrir leit

Úti	Inni
<input type="checkbox"/> Rampur við íþróttahús	<input type="checkbox"/> Salerni (efri og neðri hæð)
<input type="checkbox"/> Bak við skólahúsnæði	<input type="checkbox"/> Svæði fyrir framan myndmennt & Regnbogaland
<input type="checkbox"/> Stúkan við íþróttavöll	<input type="checkbox"/> Amtbókasafn
<input type="checkbox"/> Tröppur að heimilisfræði- og myndmenntastofu	<input type="checkbox"/> Stykkið
<input type="checkbox"/> Íþróttahús	<input type="checkbox"/> Kennslustofur